

Útgáfa 1.0
14.11.2018

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN
ALMANNAVARNA

Viðbragðsáætlun stjórnvalda og ferðaþjónustuaðila



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



EFNISYFIRLIT - KAFLASTKIPTI

1	Inngangur	3
2	Staðhættir	4
3	Skilgreiningar.....	4
3.1	Virkjun	4
3.2	ÓVISSUSTIG.....	4
3.3	HÆTTUSTIG	4
3.4	NEYÐARSTIG.....	4
3.5	Afboðun	4
3.6	Skammstafanir	5
4	Boðun.....	6
5	Stjórnerfi	7
6	Landsvæði	8
7	Sértækur kafli	8
8	Verkefni viðbragðsaðila.....	8
8.1	Gátlistar	8
8.2	Aðgerðastjórn (ASF).....	9
8.3	Framkvæmdahópur (FHF)	9
8.4	Sérfræðihópur (SHF)	9
9	Skipulag fjarskipta.....	10
10	Kort	10
11	Dreifingarlisti	13
12	Breytingasaga	13

1. INNGANGUR

Viðbragðsáætlun þessari er ætlað að segja fyrir um skipulag og samhæfingu aðgerða í náttúrvá og öðrum áföllum til að tryggja eins og kostur er öryggi ferðamanna á Íslandi. Engin skref eru stigin án samráðs við Almannavarnadeild RLS.

Markmið áætlunarinnar eru að tryggja skipulögð og samhæfð viðbrögð allra aðila á neyðartímum. Ekki er um endanleg fyrirmæli að ræða og geta ríkislögreglustjóri, almannavarnadeild RLS og ferðamálastjóri ákveðið breytta starfstilhögum með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni. Helstu verkefnin eru að:

1. Tryggja framkvæmd ákvarðana Samhæfingarstöðvar (SST).
2. Tryggja öryggi ferðamanna á Íslandi.
3. Lágmarka áhrif á samgöngur innanlands.
4. Lágmarka áhrif neyðarvár á för ferðamanna til og frá Íslandi.
5. Vinna að upplýsingaflæði til ferðapjónustuaðila frá SST.
6. Vinna að upplýsingaflæði frá ferðapjónustuaðilum til SST.
7. Upplýsa ferðamenn og veita nauðsynlegan stuðning við þá sem eru strandaglöpar.
8. Lágmarka áhrif neyðarvár á ímynd og orðspor Íslands sem ferðamannalands.

Ferðamálastjóri ber ábyrgð á boðun áætlunarinnar. Ferðamálastjóri (Ferðamálastofa) og Almannadeild RLS vinna saman að uppfærslu og lagfæringu áætlunarinnar og liggur frumeintak skjalsins hjá ritstjóra þess á Ferðamálastofu.

Áætlunin skal uppfærð á a.m.k. fjögurra ára fresti en boðunarlista hjá Neyðarlínunni skal uppfæra eins oft og þörf krefur og eigi sjaldnar en árlega. Allir í „Aðgerðastjórn ferðapjónustunnar“ bera ábyrgð á því að koma nýjum og/eða breyttum upplýsingum til ferðamálastjóra. Einstakir verkþættir áætlunarinnar skulu athugaðir oftar og mun Ferðamálastofa stýra því.

Áætlun um viðbrögð stjórnvalda og ferðapjónustunnar á neyðartímum verður vistuð hjá ferðamálastjóra, á vefsíðu Almannavarnardeilda RLS og Ferðamálastofu og víðar ef þörf krefur.

Við gerð áætlunarinnar var stuðst við lög nr. 82/2008 um almannavarnir.

Viðbragðsáætlunin tekur þegar gildi.

Reykjavík 14. nóvember 2018

Ríkislögreglustjóri

Ferðamálastjóri

2. STAÐHÆTTIR

Ferðaþjónustan á Íslandi er samofin öllum helstu þáttum íslensks samfélags og reiðir sig á innviði þess. Líta má á ferðamenn sem tímabundna íbúa landsins. Þetta þarf að hafa í huga. Einnig þarf að huga að vandaðri upplýsingagjöf vegna ímyndar og orðspors ferðaþjónustunnar og landsins í heild.

2.1 Staðsetning:

Viðbragðsáætlunin nær til landsins alls. Eftir atburðum getur staðsetning afmarkast við landshluta, afmarkað svæði, tiltekið þéttbýli, dreifbýli eða hluta þeirra. Í kafla 10 eru kort sem að sýna helstu staðhætti og svæðisskiptingu.

2.2 Ferðamenn og starfsmenn ferðaþjónustu:

Ferðamenn, líkt og íbúar landsins, geta verið staðsettir nær hvar sem er, þegar vá steðjar að. Þetta á bæði við um ferðamenn í skipulögðum ferðum og á eigin vegum.

3. SKILGREININGAR

3.1 Virkjun

Viðbragðsáætlun þessa er hægt að virkja samhliða öðrum viðbragðsáætlunum sem kalla á virkjun SST sé ferðamönnum á Íslandi ógnað af völdum viðkomandi atburðar. Viðbragðsáætlunina er hægt að virkja á þremur ólíkum háskastigum.

Ákvörðun um virkjun er tekin af ríkislöggreglustjóra í samráði við viðkomandi löggreglustjóra. Ákvörðunin er byggð á fyrirliggjandi upplýsingum.

Þannig tilkynnir almannavarnadeild ríkislöggreglustjóra Neyðarlínunni um á hvaða stigi skuli virkja áætlunina.

Þegar viðbragðsáætlunin hefur verið virkjuð er samhæfingu aðgerða stýrt frá Samhæfingarstöðinni (SST) þar sem ferðamálastjóri situr fyrir hönd ferðaþjónustunnar. Aðgerðastjórn (ASF) metur hvort þörf er á að boða fleiri aðila til starfa.

3.2 Óvissustig

Skilgreining: Þar sem veruleg óvissa ríkir um öryggi ferðamanna og/eða ferðaþjónustunnar vegna hugsanlegrar neyðarvár.

3.3 Hættustig

Skilgreining: Þar sem ferðamönnum og/eða ferðaþjónustunni stafar hætta af aðstæðum og aðstæður hafa áhrif á fyrirhugaða för ferðamanna, án þess þó að um neyðarástand sé að ræða.

3.4 Neyðarstig

Skilgreining: Þar sem slys eða hamfarir hafa orðið og bráð hætta steðjar að ferðamönnum og/eða ferðaþjónustunni.

3.5 Afboðun

Einungis almannavarnadeild ríkislöggreglustjóra (AVD) hefur heimild til þess að afboða eða breyta háskastigum eftir að viðbragðsáætlun hefur verið virkjuð. AVD hefur samráð við hlutaðeigandi aðila um afboðun eða breytingar á háskastigum.

AVD tilkynna afboðun og breytingar á háskastigi til Neyðarlínu sem sér um framkvæmd hennar og sendir tilkynningu þar um.

3.6 Skammstafanir


ANR	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
ASF	Aðgerðastjórn ferðaþjónustunnar
AVD	Almannavarnadeild ríkislöggreglustjóra
BF	Biðsvæði flutningstækja
BH	Biðsvæði hjálparliðs
BTB	Biðsvæði tækja og búnaðar
FHF	Framkvæmdahópur ferðaþjónustunnar
FMS	Ferðamálastofa
FMSTJ	Ferðamálastjóri
IL	Innri lokun
MÓT	Móttökustaður fyrir bjargir
MRCC	Stjórnstöð sjóbjörgunar (<i>Maritime Rescue Coordination Center</i>)
NÖF	Neyðar- og öryggisfjarskipti
PFS	Póst- og fjarskiptastofnun
RLS	Ríkislöggreglustjóri
SÁBF	Stjórnun-Áætlun-Bjargir-Framkvæmd – verkþáttaskipurit fyrir AST og VST
SHF	Sérfræðihópur ferðaþjónustunnar
SLY	Slysstaður/slysavettvangur
SST	Samhæfingarstöðin
VST	Vettvangsstjórn
VPST	Verkþáttastjórar
YL	Ytri lokun

Fæstar þeirra skammstafana sem hér eru nefndar koma fram í þessu skjali en þær kunna að heyrast í samskiptum við viðbragðsaðila.

4. BOÐUN

Ríkislögreglustjóri, í samráði við lögreglustjóra á viðkomandi svæði, tekur ákvörðun um að virkja viðbragðsáætlun ferðaþjónustunnar. Ríkislögreglustjóri gerir Neyðarlínu viðvart, sem hefur samband við ferðamálastjóra. Hann er ábyrgur fyrir viðbragðsáætlun ferðaþjónustunnar og sér um að boða ASF samkvæmt henni. Í boðun kemur fram:

- Tilkynning um virkjun.
- ÓVISSUSTIG, HÆTTUSTIG eða NEYÐARSTIG.
- Líkleg staðsetning atburðar eða áhrifasvæði. Sjá númer svæða og sveitarfélaga á korti í kafla 10. Í boðum koma fram númer landsvæðis og ef við á númer sveitarfélags.
- Aðrar upplýsingar um atburðinn eftir föngum (sjá nánar kafla 8).



5. STJÓRNKERFI

Grunneiningar, hlutverk og tengingar

SST

Samhæfingarstöðin

- Yfirstjórn og samhæfing á aðstoð milli umdæma
- Yfirstjórn og samhæfing á aðstoð ríkisstofnanna
- Gagna- og upplýsingaöflun um hættu
- Viðvaranir og leiðbeiningar til almennings
- Samskipti við fjölmiðla
- **Fulltrúi ferðaþjónustunnar: Ferðamálastjóri**

ASF

Aðgerðastjórn
ferðaþjónustunnar

- Yfirstjórn: Ferðamálastjóri, sem er einnig tengiliður við fjölmiðla- og upplýsingateymi AVD.
- Yfirstjórn og samhæfing aðgerða stofnana og aðila innan ferðaþjónustunnar
- Samskipti við samhæfingarstöð

FHF

Framkvæmdahópur
ferðaþjónustunnar

- Framkvæmd neyðarviðbragða við vá
- Upplýsingagjöf til ferðaþjónustunnar
- Upplýsingagjöf til ASF frá ferðaþjónustu

SHF

Sérfræðihópur
ferðaþjónustunnar

- Sérhæfðar upplýsingar til ASF og FHF

6. LANDSVÆÐI

Í skipulagi almannavarna er landinu skipt upp í 9 lögreglumumdæmi. Hver lögreglustjóri er ábyrgur fyrir stjórn og samhæfingu innan síns umdæmis í gegnum Aðgerðastjórn í umdæminu. Sjá umdæmaskipan lögreglustjóra í kafla 10.

Atburður getur verið bundinn við eitt eða fleiri landsvæði, verið innan eins lögreglu umdæmis eða náð til nokkurra lögreglu umdæma.

Þegar almannavarnaástandi er lýst yfir af ríkislögreglustjóra er tiltekið til hvaða svæðis ástandið nær.

7. SÉRTÆKUR KAFLI

Kafli ekki notaður en haldið inni til samræmis við aðrar viðbragðsáætlanir.

8. VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA

Í þessum kafla er verkefnum þeirra sem skyldum hafa að gegna í viðbragðsáætlun ferðapjónustunnar, gerð skil. Nauðsynlegt er að allir þekki og skilji sín verkefni. Aðilar bregðast almennt við samkvæmt eigin viðbragðsáætlunum. Að auki eru eftirfarandi viðbrögð til yfirferðar.

8.1 Gátlistar ferðamálastjóra

ÓVISSUSTIG

- Kynna ráðherra ANR og öðrum hlutaðeigandi stöðu mála
- Senda boð á ASF / athuga hvort boðunarlisti sé réttur
- Undirbúa mönnun í SST Skógarhlíð
- Tryggja að FMSTJ sé á póstlista SST og fjölmiðlateymis AVD
- Útvega almennar upplýsingar um yfirvofandi vá og aðstæður á atburðasvæði
- Halda tímaskráningu á atburðarás
- Vinna að öðru leyti samkvæmt gildandi starfsreglum
- Gera annað sem að gagni mætti koma

HÆTTUSTIG

- Kynna ráðherra ANR og öðrum hlutaðeigandi stöðu mála
- Senda boð á ASF um stöðu mála
- Undirbúa mönnun SST í Skógarhlíð frekar
- Tryggja að FMSTJ sé á póstlista SST og fjölmiðlateymis AVD
- Útvega nákvæmar upplýsingar um yfirvofandi vá og aðstæður á atburðasvæði
- Útvega almennar upplýsingar um bjargir á atburðarsvæði
- Halda tímaskráningu á atburðarás
- Vinna að öðru leyti samkvæmt gildandi starfsreglum
- Gera annað sem að gagni mætti koma

NEYÐARSTIG

- Kynna ráðherra ANR og öðrum hlutaðeigandi stöðu mála
- Senda boð á ASF og boða til fundar
- Ferðamálastjóri mætir í SST í Skógarhlíð
- Tryggja að FMSTJ sé á póstlista SST og fjölmiðlateymis AVD
- Aðstoða Samhæfingarstöð eins og þurfa þykir eftir að hún er virkjuð
- Útvega uppfærðar nákvæmar upplýsingar um vá og aðstæður á atburðasvæði
- Útvega upplýsingar um bjargir á atburðarsvæði og viðhalda upplýsingum um notkun þeirra
- Halda tímaskráningu á atburðarás
- Vinna að öðru leyti samkvæmt gildandi starfsreglum
- Gera annað sem að gagni mætti koma

8.2 Aðgerðastjórn (ASF)

Ferðamálastjóri kallar saman ASF en allir meðlimir ASF geta leitað eftir því að hópurinn verði kallaður saman. Ferðamálastjóri stýrir fundum ASF nema annað sé ákveðið. Í ASF sitja fulltrúar þeirra stofnana og sveitarfélaga, sem að hafa ákvörðunarvald varðandi aðgerðir til þess að tryggja öryggi og velferð ferðamanna.

Hlutverk ASF er meðal annars:

1. að útfæra framkvæmd ákvarðana SST.
2. að boða fleiri viðbragðsaðila/framkvæmdaaðila eftir þörfum.
3. að setja upp vaktakerfi fulltrúa ASF hjá SST (mikilvæg bein tenging frá SST til ASF).
4. að skipuleggja aðgerðir til að aðstoða og upplýsa ferðamenn sem eru strandaglópar á Íslandi eða á afmörkuðum svæðum.
5. að samræma upplýsingagjöf til ferðamanna á vef Safetravel.
6. upplýsingagjöf flugfélaga til farþega sinna.
7. upplýsingagjöf til ferðaþjónustuaðila frá SST og fjölmíðlateymi AVD.
8. upplýsingagjöf frá ferðaþjónustuaðilum til SST.

8.3 Framkvæmdahópur (FHF) – framkvæmd, ráðgjöf, aðstoð

Leitað verður til aðila innan Framkvæmdahóps (FHF) eftir því hvaða verkefni liggja fyrir hverju sinni. Í FHF sitja fulltrúar þeirra opinberu stofnana og fyrirtækja, sem að kæmu að framkvæmd þeirra ákvarðana, sem að SST og ASF hafa ákveðið og útfært.

Hlutverk FHF er meðal annars að:

1. aðstoða við framkvæmd ákvarðana SST.
2. koma mikilvægum upplýsingum frá viðbragðsaðilum til ASF, sem síðan upplýsir SST.

8.4 Sérfræðihópur (SHF) - ráðgjöf

Í Sérfræðihópi (SHF) eiga sæti fulltrúar þeirra stofnana, sem að búa yfir sérþekkingu varðandi þau svið, er snerta neyðarvá. Leitað verður til þessara aðila eftir eðli atburða.

9. SKIPULAG FJARSKIPTA

Hóparnir koma sér upp kerfisbundnu ferli sem að hentar best til samskipta (SMS).

10. KORT


1. Sveitarfélög á landinu og númer þeirra
2. Skipting landsins í löggreglum dæmi



Sveitarfélög á íslandi í maí 2015



Lögregluumdæmi lögreglustjóra á Íslandi Maí 2015



11. DREIFINGARLISTI

Þeir sem hafa hlutverk í þessari áætlun samkvæmt 8. kafla eiga að eiga útprentað eintak af henni.

Áætlunin er vistuð á vef almannavarnadeildar ríkislöggreglustjórans, www.almannavarnir.is, hjá ritstjóra áætlunarinnar á Ferðamálastofu og vef hennar, www.ferdamalastofa.is.

12. BREYTINGASAGA